

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 1994

17. mars 1994

269

Nr. 112

VIÐAUKI

**við reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991,
um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.**

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. er heimilt við veiðar á úthafskarfa að klæða 25 öftustu metra flotvörpunnar með styrktarneti með 135 mm möskvastærð eða nota í 25 öftustu metrum vörpunnar net með lágmarksmöskvastærð 110 mm.

Ákvæði 1. mgr. tekur aðeins til veiða á úthafskarfa með flotvörpu á svæði utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20'N - 29°45'V (við miðlínu milli Íslands og Grænlands)
2. 63°00'N - 26°00'V
3. 62°00'N - 27°00'V

og vestan línu, sem dregin er 180° réttvísandi frá 62°N–27°V.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. er heimilt við veiðar á blálöngu á Franshóli að klæða 25 öftustu metra vörpunnar með styrktarneti með 135 mm möskvastærð eða nota í 25 öftustu metra vörpunnar net með lágmarksmöskvastærð 110 mm.

Ákvæði 1. mgr. tekur til veiða á svæði innan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 61°03'N - 27°25'V
2. 60°57'N - 27°25'V
3. 60°57'N - 27°40'V
4. 61°03'N - 27°40'V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felldur úr gildi viðauki nr. 98 við reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. mars 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Steindórsprent Gutenberg hf.